Nr. 23.
13.
sept.

# Lög

um

## forgangsrjett veðhafa fyrir vöxtum.

**Vjer Christian hinn Níundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

Sje skuldunaut veittur gjaldfrestur á vöxtum af skuld, sem fasteignarveð er fyrir, eptir að þeir eru komnir í gjalddaga, þá helzt eigi forgangsrjettur til veðsins fyrir vöxtum þessum gagnvart síðari veðhöfum lengur en eitt ár frá því þeir komu í gjalddaga.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer þegnlega að hegða.

**Gefið á Amalíuborg, 13. september 1901.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Christian R.***

(L. S.)

***Alberti.***

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18de September 1891.

# Lov

Nr. 23.
13de
Septbr.

om

## Panthaveres Fortrinsret for Renter.

**Vi Christian den Niende,** af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

Gøre vitterligt: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

Den en Panteforbring i fast Ejendom tilkommende Fortrinsret til Fyldestgørelse af Pantet fremfor efterstaaende Panthavere gælder ikke for forfaldne Renter, med hvis Betaling der er givet Debitor Henstand udover et Aar fra deres Forfaldstid.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

**Givet paa Amalienborg, den 13de September 1901.**

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

***Christian R.***

(L. S.)

***Alberti.***

---

**Ministeriet for Island, den 13de September 1901.**

***Alberti.***

*Ólafur Halldórsson.*